

MJÓLKUR PÓSTURINN

Fréttabréf Mjólkursamsölunnar sem er í eigu íslenskra kúabænda. Desember 2022

Útgefandi: Auðhumla og MS – Ábyrgðarmaður: Pálmi Vilhjálmsson

Ritstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir steinunnt@ms.is – Prentun: Prentmet Oddi

AUÐHUMLA

MJÓLKURSAMSALAN

KG

Kaupfélag Skagfirðinga



Það er oft ys og þys í vöruhúsi MS þegar taka þarf til pantanir fyrir stóra sem smáa viðskiptavini. Góðir bændur og samhent starfsfólk skapa traustar undirstöður Mjólkursamsölunnar.

Afkoma MS mun betri en áætlun ársins gerði ráð fyrir

Á fulltrúafundi Auðhumlu sem haldinn var þann 25. nóvember síðastliðinn fór Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, yfir rekstur fyrirtækisins á árinu 2022. Fyrstu tíu mánuði ársins námu rekstrartekjur 28,9 milljörðum króna, sem er 449 milljónum króna umfram áætlun ársins eða 1,58% aukning. Rekstrargjöld námu 27,6 milljörðum króna sem er 0,66% meira en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Afkoma MS fyrir afskriftir og fjármagnsliði eftir fyrstu tíu mánuði ársins er 267 milljónum betri en áætlun ársins

gerði ráð fyrir.

Vegna vaxtahækkana og verðbólguþróunar eru fjármagnsliðir einnig hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Afkoma fyrirtækisins er engu að síður jákvæð fyrstu 10 mánuði ársins um sem nemur 91,6 milljónum króna. Er það 210,7 milljónum króna betri afkoma en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun.

Fram undan er einn mikilvægasti sölumánuður ársins, sjálfur jólamánuðurinn. Góður gangur hefur verið í sölnni undanfarið og salan í desember stefnir í

að verða um 2,8 milljarðar og fer ársvelta félagsins þá vel yfir 31 milljarð króna, sjá nánar umfjöllun á bls. 2. Þá er einkar jákvætt að framleiðsla hefur þróast á hagfelldan hátt síðustu mánuði og stefnir í að hún verði 148 milljónir lítra á árinu, sjá umfjöllun um framleiðslu og birgðir á bls. 7.

Ennfremur hefur vinna vegna tollamála skilað góðum árangri og endurspeglast það glögglega í aukinni sölu.

Sjá einnig frétt um fulltrúaráðsfundinn á bls. 3.



Dagur íslenskrar tungu

Frá árinu 1994 hefur Mjólkursamsalan beitt sér fyrir eflingu móðurmálsins á grundvelli samstarfssamnings við Íslenska málnefnd.

Hvort sem við höfum talað íslensku frá blautu barnsbeini eða numið hana síðar er ræktun málsins lífstíðarverkefni. Að rækta tungumál, aga hugsun sína og skerpa tjáningu er besta leiðin til betri samskipta og gagnkvæms skilnings. Við erum ólík að uppruna en tengjumst í gegnum tungumálið.

Árið 1994 var framleidd sérstök sjónvarpsauglýsing sem ætlað var að vekja almenning til umhugsunar um mikilvægi þess að varðveita tunguna.

Alexandra Gunnlaugsdóttir flutti í auglýsingunni ljóð sem Þórarinn Eldjárn samdi sérstaklega fyrir MS í tilefni af samstarfi fyrirtækisins og Íslenskrar málnefndar. Ljóðið er ort við þekkt lag eftir Atla Heimi Sveinsson og er Íslensku-ljóðið nú sungið í tilefni dags íslenskrar tungu í fjölmörgum skólum land allt.

Hér fyrir neðan má lesa ljóðið.

*Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði' og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.*

*Á vörum okkar verður tungan þjálf,
þar vex og grar og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn – nema ég og þú.*

Íslenska er mál okkar allra og það erum við sem höldum henni lifandi með því að leyfa henni að vaxa með okkur.
/HA



Góð sala mjólkurvara á árinu

Nú er langt liðið á árið og salan síðustu 11 mánuði verið góð. Ostasalan er upp um tæp 200 tonn og eins og kunnugt er þá þarf um 2.000.000 lítra til að framleiða það magn. Það munar um minna!

Rifnir ostar og sneiddir hafa selst vel auk þess sem ferskur ostur eins og Mozzarella í kúlum og nýjungin Burrata hafa slegið í gegn.

Duftsalan gengur líka vel, þar er undanrennuþúftið til sælgætisframleiðenda að seljast vel auk þess sem kúabændur eru duglegir að ala sína kálfa á kálfaduftinu góða.

Á heimsvísu hefur undanfarin ár verið samdráttur í sölu á drykkjarmjólk, heldur hefur dregið úr þessum samdrætti amk hér á Íslandi og er athyglisvert að

fylgjast með aukinni sölu á nýmjólk, samdrátturinn hefur helst legið í fituminni drykkjarmjólk eins og léttmjólk, undanrennu og fjörmjólk.

Það er svo rifandi gangur í sölu á ýmsum tegundum bragðbættar mjólkur, Hleðsla, Næring+, Ísey próteindrykkir hafa selst mjög vel og er söluaukning í flokknum 4,7%.

Skyr, jógúrt og rjómaörur eru svo með svipaða sölu og í fyrra.

Veltuaukning þessa 11 mánuði ársins er tæpir 3 milljarðar króna eða 11,3% og er það talsvert yfir áætlunum.

Salan í desember stefnir í að verða um 2,8 milljarðar og fer þá ársvelta félagsins vel yfir 31 milljarð króna! /AHM

Salan janúar til nóvember í tonnum

	jan-nóv 2021	jan-nóv 2022	Mism	%
Smjör/Smjörvi	2.160	2.152	-8	-0,4%
Ostar	5.661	5.853	193	3,4%
Duft	1.084	1.245	160	14,8%
Samtals KG	8.905	9.250	345	3,9%
Hvít mjólk	21.019	20.657	-362	-1,7%
Bragðb mjólk	4.079	4.272	193	4,7%
Skyr/Jógúrt	7.427	7.382	-44	-0,6%
Rjómaörur	2.882	2.850	-32	-1,1%
Samtals Ltr	35.408	35.161	-246	-0,7%

Salan janúar til nóvember í milljónum króna

	jan-nóv 2021	jan-nóv 2022	Mism	%
Samtals	25.642	28.535	2.893	11,3%



Í vöruhúsi MS.

Haustrundur fulltrúaráðs Auðhumlu

Haustrundur fulltrúaráðs Auðhumlu var haldinn í húsakynnum Mjólkursamsölunnar að Bitruhálsi 1 í Reykjavík þann 25. nóvember síðastliðinn. Á fundinn mættu 45 fulltrúar frá öllum 16 deildum Auðhumlu.

Ágúst Guðjónsson, stjórnarformaður Auðhumlu hóf fundinn með nokkrum orðum um síðastliðið ár og þær verðhækkanir sem það hefur einkennst af. Voru bændum sérstaklega færðar þakkir fyrir góða frammi- stöðu á erfiðum tímum. Ræddi Ágúst einnig verðlagsgrundvöll kúabúa en ljóst er að mikil skekkja er í honum gagnvart kjarnfóðri og fjármagnskostnaði. Mikilvægt er að verðlagsgrundvöllurinn verði endurgerður og færður til nútímans svo breytingum á einstaka kostnaðarliðum sé sannanlega mætt.

Endurskoðun á fyrirkomulagi sölu Ísey erlendis

Afkoma Ísey útflutnings hefur lækkað nokkuð frá fyrra ári en framleiðslu- og flutningskostnaður hefur aukist verulega undanfarið. Með það að markmiði að nýta tækifærin betur og missa ekki niður þann árangur sem náðst hefur er nauðsynlegt að endurmeta fyrirkomulag sölu Ísey útflutnings. Þetta kom fram í máli Elínar M. Stefánsdóttir, stjórnarformanni MS, en í dag er Ísey skyr selt á 20 mörkuðum, ýmist samkvæmt leyfissamningum, dreifingarsamningum eða beinum útflutningi frá Íslandi.

Í lok janúar mun Ísey útflutningur taka yfir starfsemina í Bretlandi, þegar samstarfssamningur við umboðsaðila rennur út, og verður fyrirkomulag starfseminnar tekin til endurskoðunar samhliða því. Allir þættir verða teknir til endurmats þar sem mismunandi viðskiptakerfi Ísey útflutnings í löndum Evrópu verða borin saman.

Endurskoðun samþykkt

Á aðalfundi Auðhumlu síðastliðið vor var ákveðið að skipaður yrði starfshópur til að gera heildarendurskoðun á samþykktum félagsins. Var staða þeirrar



Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, fer yfir rekstur MS.



Magnús Sigurjónsson og Jóhannes Gissurarson frá Vestur-Skaftafellsdeild.



Elín Margrét Stefánsdóttir, stjórnarformaður MS, Garðar Eiríksson, fráfarandi framkvæmdastjóri Auðhumlu og Ásvaldur Þormóðsson, stjórnarmaður MS.

vinnu kynnt og rædd á fundinum og verða tillögur að breytingum lagðar fram á næsta aðalfundi samtakanna.

Garðar Eiríksson kveður

Flestir þeir sem kvöddu sér orðs á fundinum hófu framsögu sína með því að þakka Garðari Eiríkssyni, fráfarandi

framkvæmdastjóra Auðhumlu, fyrir sín störf og bjóða Jóhannes Hreiðar Símónarson velkominn, en hann tekur við af Garðari fljótlega á nýju ári. Garðar var ráðinn 1. janúar 1996 sem skrifstofu- og fjármálastjóri Mjólkurbús Flóamanna og hefur því starfað í tæp 27 ár hjá Auðhumlu, MS og forverum þeirra.



Helgi Ólafsson og Halldór Gunnlaugsson.



Magðalena Jónsdóttir, Björgvin Rúnar Gunnarsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir og Þórunn Andrésdóttir.



Árni Brynjólfsson, Samúel Eyjólfsson og Hannes Ólafsson.

MS á Selfossi fær A+ í einkunn frá BRC Global

Dagana 17. – 20. október síðastliðinn fór fram úttekt frá BRC Global á MS á Selfossi. Úttektin var ótilkynnt og fyrirvaralaus og stóðst fyrirtækið hana með þryði sem þýðir að einkunn fyrirtækisins hækkar úr A í A+.

Í heimsviðskiptum með matvæli er „BRC Food Standard“ áreiðanlegt tæki fyrir framleiðendur til að sanna fyrir viðskiptavinum sínum að þeir geta auðveldlega

tekið þátt í matvælaöryggisáætlunum sínum og birgðakeðju.

Þetta er frábær árangur sem næst fyrst og fremst með mikilli vinnu og góðu starfsfólki sem þau eru svo sannarlega. Aðeins tvö fyrirtæki hér á landi eru í dag með A+ í einkunn, sjá:

<https://directory.brcgs.com/>

Í samtali við Mjólkurpóstinn sagði

Ágúst Þór Jónsson, rekstrarstjóri MS á Selfossi, markmið þeirra nú vera að halda áfram að gera vel því að ári eigum við aftur von á ótilkynntri úttekt. Hann þakkaði ennfremur Gæðateymi MS Selfossi ásamt Heiðu Einarsdóttur, gæðastjóra MS, fyrir frábært vinnuframlag sem og öllum öðrum starfsmönnum MS Selfoss.



Jólafernur

Jólin, jólin, jólin koma brátt og má það glögglega sjá á því að mjólkin frá MS er komin í jólabúning. Jólammjólkurfernurnar prýða stórskemmtilegar jólasveinateikningar Stephens Fairbairn myndlistarmanns og hafa þær vakið óskipta athygli frá upphafi.

Á mörgum heimilum er vinsælt að klippa sveinana út og nota í föndur í aðdraganda jólaanna en myndirnar af sveinunum góðu er líka að finna á vefnum jolamjolk.is.

Á vefnum má jafnframt finna litabók sem hægt er að prenta út og 1. desember opnar þar skemmtilegt jóladagatal sem allir geta tekið þátt í.

Þátttakendur geta opnað nýjan glugga með laufléttum spurningum á hverjum degi til jóla og verða heppnir vinningshafar dregnir út í upphafi nýs árs og verðlaunaðir með spennandi vinningum.

Jólammjólkurumbúðirnar verða í verslunum landsins fram undir áramót og vonum við að landsmenn taki fagnandi á móti jólasveinunum líkt og undanfarin ár. /HA



F.v. Freydis Edda Benediktsdóttir, Erna Dögg Úlfhéðinsdóttir og Axel Sigurðsson úr gæðateymi, ásamt Svend Jørgensen og Ágústi Þór Jónssyni. Á myndina vantar Björn Baldursson.

Látum okkur fólk varða

MS lætur sig mörg samfélagsverkefni varða og nýlegt dæmi er stuðningur okkar við verkefnið 50 klst. fyrir Pieta. Einar Hansberg Árnason er einstakur samstarfsmaður og vinur okkar í Mjólkursamsölunni og óhætt að segja að við séum stolt af framtaki okkar manns en dagana 10.-12. nóvember tókst hann á við 50 klst. æfingu til að vekja athygli á því gríðarlega mikilvæga starfi sem Pieta samtökin sinna með forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.

Við stóðum þétt við bakið á Einari og Pieta með því að styðja við streymisútsendingu frá viðburðinum en því fleiri sem vita af þeim úrræðum sem í boði eru þeim mun meiri líkur eru á að við björgum mannlífum - okkar eigin eða annarra.

Verkefni Einars vakti gríðarlega mikla athygli á landinu og fjölluðu allir helstu fjölmiðlar um málið en nánari upplýsingar má finna á ms.is og pieta.is/GBJ



Við bendum á reikningsnúmer samtakanna fyrir frjáls framlög
0301-26-04104 • Kt: 410416-06901
Útsendingin er í boði: KRÓNAN



Pieta síminn er opin
allan sólarhringinn
552-2218

Kveðja frá Mjólkursamsölunni og Auðhumlu

Ágætu mjólkurframleiðendur og samstarfsfólk,

Senn líður að lokum þessa starfsárs hjá Mjólkursamsölunni og Auðhumlu. Árið hefur einkenst af miklum verðhækkunum á aðföngum hjá bændum og afurðastöðvum í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og setti það m.a. mark sitt á innvigtun framan af ári. Snemma árs var ljóst að það þyrfti að hvetja kúabændur til meiri framleiðslu þar sem hefyndur var með lakara móti, þá sérstaklega sunnanlands, og meðalnyt lækkaði.

Í ljósi þessa hefur verið á umframmjólk verið hækkað fjórum sinnum á líðandi ári og er nú í 100 kr/ltr. Ljóst er að það verð er umtalsvert yfir skilaverði fyrir afurðirnar. Framundan eru hins vegar spennandi verkefni sem ættu að draga úr sveiflum á verði fyrir umframmjólkina. Þar má nefna væntanlega kaseinframleiðslu sem gæti hækkað skilaverðið umtalsvert og ónýtt tækifæri til aukins útflutnings á skyri frá Íslandi.

Jafn stígandi hefur verið í innvigtun seinni hluta ársins og má ætla að ársframleiðslan verði um 147,5-148 milljón lítrar eða 1-1,5 milljón lítrum umfram greiðslumark, sem er mun betri niðurstaða en mátti vænta í vor.

Framkvæmdir og nýjungar

Góð rekstrarstaða Mjólkursamsölnnar hefur gefið okkur tækifæri til að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir. Líkt og kynnt hefur verið á fundum og í Mjólkurpóstinum er stefnt á að hefja kaseinframleiðslu á Sauðárkróki og er það verkefni í fullum gangi. Þá er í undirbúningi að byggja við vinnslustöðvarnar bæði á Selfossi og á Akureyri.

Heildarframleiðsla Íslenskra mysuafurða á mysupróteini verður í kringum 300 tonn á árinu sem er á svipuðu róli og í fyrra. EBIDTA af rekstrinum er mun betri en í fyrra eða 134 milljónir samanborið við 87 milljónir í fyrra, en afkoman er svipuð sem skýrist að mestu af auknum fjármagnskostnaði og gengismun. Verð fyrir mysuprótein hafa verið hagstæð mestan hluta ársins en þó lækkað aðeins frá því þegar það var hæst og virðist vera nokkuð stöðugt.

Ethanól verksmiðjan er nú að fullu uppsett og unnið er að forritun stýrikerfis og tilraunum. Verð á ethanóli hefur hækkað frá því ákveðið var að byggja verksmiðjuna þannig að rekstarahorfur eru jákvæðar.

Fjárhagur Auðhumlu

Fjárhagsstaða Auðhumlu hefur verið þung síðustu ár en nú hefur birt talsvert til. Samkvæmt 8 mánaða uppgjöri móðurfélagsins þá eykst EBIDTA um 66 milljónir á milli ára. Lausafjárstaðan hefur gjörbreyst sem skýrist bæði af bættem

rekstri og því að lyktir fengust í máli ríkisskattstjóra er varðaði virðisaukaskattsskýrslur frá árinu 2018. Það er hreint með ólíkindum að embætti Ríkisskattstjóra hafi farið fram með þeim hætti sem var og hefur málið tekið rúmlega 4 ár. Þar sem dróst af hálfu Ríkisskattstjóra að úrskurða í málinu var ekki hægt að vísa því til yfirsattanefndar fyrr en í mars 2022. Fullnaðarsigur náðist og í kassann komu rúmlega 160 milljónir króna.

Ný sýnatökutæki

Nú hafa verið tekin í notkun ný sýnatökutæki hjá RM og gefur það tækifæri til að breyta verklagi þannig að sýni

verða tekin í hvert skipti sem mjólk er sótt hjá bændum og verðlagt eftir því. Samhliða þessari breytingu er nýtt afurðarkerfi fyrir Auðhumlu í smíðum en núverandi kerfi er komið nokkuð til ára sinna. Það er að ýmsu að huga í þessu ferli, t.d. þarf að semja nýja mjólkurreglugerð og eins að sjálfvirknivæða ferlið eftir fremsta megni með það að markmiði efla skilvirkni þess. Stefnt er að því að bændur fái niðurstöður úr sýnatökum sendar til sín í smáskilaboðum um leið og niðurstöður eru kunnar hverju sinni.

Við viljum þakka fulltrúum, félagsmönnum í Auðhumlu, samstarfaðilum MS og starfsfólki MS og Auðhumlu fyrir heilladrjúgt og gott samstarf á árinu sem er að líða.

Með jóla- og nýárskveðjum

Elin M. Stefánsdóttir, stjórnarformaður Mjólkursamsölnnar
Ágúst Guðjónsson, stjórnarformaður Auðhumlu
Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri Mjólkursamsölnnar
Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri Auðhumlu



Erfðafræðilegt val og skyldleikastjórnun í litlum mjólkurkúastofni

- Egill Gautason ver doktorsritgerð við háskólann í Árósum

Pann 1. nóvember varði Egill Gautason doktorsritgerð sína við háskólann í Árósum. Ritgerðin ber titilinn „Erfðafræðilegt val og skyldleikastjórnun í litlum mjólkurkúastofni (e. Genomic selection and inbreeding management in a small dairy cattle population)“. Niðurstöður Egils eru grunnurinn að innleiðingu erfðamengisúrvals í íslensku nautgriparækt. Mjólkurpósturinn fékk Egil til að svara nokkrum spurningum um hvað erfðamengisúrval þýðir fyrir íslenska nautgriparækt. Um leið óskum við Agli til hamingju með doktorsnafnbótina, sannarlega spennandi tímar framundan fyrir íslenska nautgriparækt.

Hvaða breytingar verða á vali og notkun nauta við það að taka upp erfðamengisúrval?

Naut verða valin samkvæmt kynbótamati sem byggist á arfgreiningu, svokölluðu erfðamati eða erfðamengjakynbótamati. Ekki verður gerður greinarmunur á reyndum og óreyndum nautum og hætt verður að tilnefna nautsfeður. Öll sæðinganaút í notkun koma til greina sem feður sæðinganaúta í nýja kerfinu.

Aukast tekjur meira en kostnaður með nýju aðferðunum?

Samkvæmt útreikningum mun aukin erfðaframtöl og sparnaður við nautahald greiða fyrir kostnaðinn við nýju aðferðina. Auknar erfðaframtöl byggja þó á því að vel takist til við innleiðinguna. Það mun byggja, eins og kynbótastarfið hingað til, á góðri samvinnu bænda og RML og öflugu þróunar- og rannsóknarstarfi.

Hvað þurfa bændur sjálfir að gera núna þegar búið er að taka ákvörðun um að taka upp erfðamengisúrval?

Bændur þurfa að panta sýnatökumerkin og nota þau fyrir kvígur. Auk arfgreininga á kvígum verða nokkur hundruð nautkálfar arfgreindir á hverju ári. Kerfi fyrir þær arfgreiningar hefur að því er ég best veit ekki verið útfært í þaua, en mikilvægt er að bændur verði áfram samstarfsfúsir þegar þar að kemur. Líklega kemur sú staða upp að bændur þurfi að ala kálfa með hátt erfðamat í einhvern tíma áður en ákvörðun um kaup eru tekin. Á meðan kerfið er í þróun er því mikilvægt að bændur sýni því skilning að



Miðað við erfðaframtöl síðustu 20 ár og 50% aukningu hennar má gera ráð fyrir að meðalnýtt vegna erfðaframtöla aukist um u.þ.b. 700–800 kg á tíu árum.



um er að ræða gjörbreytingu á skipulagi. Áfram verður mikilvægt að bændur haldi vandi til við skráningar og val á nautum og forðist notkun heimanauta.

Hverju ættu bændur að huga að núna í vetur þegar þeir fara að velja á naut á kýrnar?

Það er mikilvægt að hafa í huga nýja kynbótamatið, erfðamatið, hefur raunar lægra öryggi en kynbótamat fyrir reynd naut. Reynd naut, sem hafa upplýsingar frá mörgum tugum dætra, hafa mjög hátt öryggi á kynbótamati vegna þess hversu miklar upplýsingar eru frá afkvæmum. Nautin sem eru valin á grundvelli erfðamatsins eru ekki með jafnhátt öryggi og reyndu nautin í gamla kerfinu, en hafa hinsvegar töluvert herra öryggi en

óreyndu nautin. Vegna þess er líklegt að röðun nautanna breytist nokkuð þegar reynsla kemur á þau. „Besta“ nautið samkvæmt erfðamati er ekki endilega það besta og það getur fallið. Því ættu bændur frekar að dreifa nautanotkuninni.

Hver er árlegur ávinningur greinarinnar í aukningu á erfðaframtöllum?

Núverandi kynbótastarf skilar hagræðingu um 190 milljónir króna árlega fyrir mjólkuriðnaðinn í heild. Ef gert er ráð fyrir 50% aukningu erfðaframtöla, þá eykst árleg hagræðing um 95 milljónir. Til viðbótar þessu kemur töluverður sparnaður, líklega um 20 til 30 milljónir árlega vegna minna nautahalds, en kostnaður eykst um líðlega 60 milljónir.

Hver má reikna með að verði ávinningur fyrir einstaka bændur t.d. á fyrstu fimm árunum?

Gróflega áætlað má gera ráð fyrir að árleg hagræðing vegna aukinna erfðaframtöla verði um það bil 400.000 krónur fyrir bú sem framleiðir 300.000 lítra. Sú hagræðing fer þó ekki öll til bænda heldur til mjólkuriðnaðarins í heild. En vonandi verður meiri ávinningur. Eftir því sem ég best veit, þá er ekki óhugsandi að kyngreint sæði verði fánleg innan nokkurra ára. Þá geta bændur nýtt erfðamatið til að velja kvígur til sæðinga með kyngreindu sæði, eða til að velja kvígur til sölu. Það verður hægt að nýta arfgreiningarnar á ýmsan hátt. Til dæmis ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að birta hvort arfgreindir gripir eru arfberar fyrir horn. Þá verður hægt að nýta upplýsingarnar til að bera kennsl á meingen og vonandi verður hægt að birta upplýsingar um hvort arfgreindir gripar séu arfberar. Slíkar upplýsingar eru að sjálfsögðu afar gagnlegar fyrir sæðingaáætlanir.

Hefur verið gerð spá um aukningu á meðalnýtt íslenska kúastofnsins til dæmis næstu 10 ár?

Miðað við erfðaframtöl síðustu 20 ár og 50% aukningu hennar má gera ráð fyrir að meðalnýtt vegna erfðaframtöla aukist um u.þ.b. 700–800 kg á tíu árum. Með 200–300 kg aukningu vegna bættrar fóðrunar og umhverfis varpa ég (algjörlega ábyrgðarlaus) fram þeirri spá að ársnytin aukist um 1000 kg næstu tíu árin.



Harpa Hrönn Gunnarsdóttir sölufulltrúi að störfum í einni af mörgum verslunum höfuðborgarinnar.

Innvigtun, sala og birgðir

31. ágúst 2022

Framleiðsla mjólkur 2022

Mjólkurframleiðslan dróst saman langt fram eftir á árinu 2022 samanborið við árið 2021, sjá mynd 1. Samanlögð heildarminnkun frá áramótum náði mest rúmunum 2 milljónum lítra fyrstu 35 vikurnar. Viðsnúningur varð í viku 36 og er samantlagður samdráttur nú eftir viku 48 kominn niður í tæplega 900 þús lítra. Ljóst er að heildargreiðslumark ársins (146,5 milljónir lítra) mun nást og gott betur því ef áfram heldur sem horfir má áætla að innvigtunin verði rétt tæpar 148 milljónir lítra, sjá brotalínuna.


Sala mjólkur og útflutningur

Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. nóv 2021 – okt 2022, var samanlögð mjólkurframleiðsla 147,3 milljónir lítra sem er um 0,8% minni framleiðsla en á 12 mánaða tímabilinu þar á undan. Þetta kemur fram í töflu 1. Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam um 146,7 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og um 127,1 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 1,2 % á tímabilinu og á próteingrunni um 3,2 %.

Mjólkurframleiðsla umfram sölu á próteingrunni var um 20 milljónir lítra sl. 12 mánuði en sala á fitugrunni var um 600 þús lítrum minni en mjólkurframleiðslan. Sala á próteingrunni var um 86,3% af mjólkurframleiðslunni á sama tíma og sala á fitugrunni var um 99,6% af mjólkurframleiðslunni.

Útflutningur á mjólk miðað við prótein nam um 25,4 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 2,8 milljónum lítra. Útflutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið afar vel á árinu. Birgðastaða er í mjög góðu jafnvægi.

Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2020, 2021 og 2022 (vikur 1-48).



Tafla 1. Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. október 2022.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	október mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	24.945.195	26.713.553	29.746.347	-16,88	-23,95	-21,65
Innvegin mjólk	11.568.993	35.805.042	147.345.527	5,69	3,12	-0,80
Seldar afurðir	10.403.122	33.299.368	127.120.828	2,82	5,11	3,24
Útflutningur	1.627.555	4.953.302	25.441.057	41,33	-38,15	-22,63
Birgðir í lok	24.681.705	24.681.705	24.681.705	-17,03	-17,03	-17,03
Mismunur	-198.194	-415.779	-151.716	241,20	-200,56	-120,51
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	23.446.675	24.774.090	25.388.005	-9,88	-15,27	-14,17
Innvegin mjólk	11.568.993	35.805.042	147.345.527	5,69	3,12	-0,80
Seldar afurðir	11.740.157	37.494.896	146.737.891	-0,12	2,64	1,22
Útflutningur	35.682	111.928	2.781.796	25,29	-89,73	-57,94
Birgðir í lok	23.146.125	23.146.125	23.146.125	-8,83	-8,83	-8,83
Mismunur	93.705	-173.818	67.720	-145,07	-118,23	-94,08

Birgðir mjólkurvara

Á mynd 2 má sjá þróun próteinbirgða 2020 – 2022, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru í góðu jafnvægi. Myndir 3 – 6 sýna birgðabróun helstu flokka mjólkurvara 2019 – 2022.


Á mynd 3 kemur m.a. fram að smjörbirgðir voru um 477 tonn í lok október sl., minnkuðu um 30 tonn í október og standa í stað milli ára. Birgðir af smjöri eru í góðu jafnvægi í öllum vörunúmerum.

Eins og sjá má á mynd 4 eru ostabirgðir áfram í mjög góðu jafnvægi. Þær hafa verið frá 1.120 tonnum upp í mest 1.220 tonn á árinu eða um 1.170 tonn að meðaltali. Í lok október voru birgðirnar um 1161 tonn sem er rétt við meðaltalið. Vel er fylgst með þessum birgðum og er gripið til aðgerða um leið og þurfa þykir m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflokki.




Lilja Rún Bjarnadóttir hjá Mjólkur-samlagi KS að störfum.


Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2020 – 2022.



Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2019 – 2022.



Mynd 4 Þróun ostabirgða 2019 - 2022 (26% og 17%).



Í fjósinu í Smjördölum í Flóa.

Undanfarið hafa birgðir af Mozzarellaosti verið lækkaðar niður jafnt og þétt eins og sjá má á birgðapróuninni á mynd 5. Við þetta hefur losnað um fitu og prótein sem geymt hefur verið í þessum birgðum frá því á fyrsta ári covid tímabilsins.


Mynd 6 sýnir birgðapróun á undanrennudufti. Birgðirnar eru nú orðnar mun jafnari en áður enda hefur verið flutt út undanrennuduft jafn óðum og birgðir hafa náð ákveðnu marki. Það dregur jafnan úr framleiðslunni á seinni hluta árs samhliða minnkandi innvigtun og eru því birgðir hækkaðar seinni part sumars til að anna örugglega eftirspurn á seinni hluta ársins. Útflutningur á próteini hefur að stærstum hluta verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts. /JKB




Fyrir skömmu varð Óskar H. Gunnarsson, fyrrum forstjóri níræður. Meðfylgjandi mynd var tekin stuttu eftir aldamótin, en þarna er Óskar að spjalla við þá Inga Má Aðalsteinsson, nú framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Lífandi, og Vífil Búason (d. 2018) sem bjó á Ferstiklu í Hvalfjarðasveit.



Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2019 – 2022



Mynd 6 Þróun birgða á Undanrennudufti 2019 – 2022



MS tók þátt í sýningunni Stórelldhúsið



F.v. Renuka Chareyre, Monique Karitas Gerristen, Hafdis H Ingimundardóttir, Hjördís Sveinsdóttir og Unnur Ingibjörg Gunnarsdóttir en þær eru allar í kynningar-teymi MS

Sýningin Stórelldhúsið fór fram í Laugar-dalshöll dagana 10.-11. nóvember og Mjólkursamsalan var að sjálfsögðu á staðnum með veglegan kynningarbás. Fjölbreytt vöruúrval var kynnt fyrir gestum og gangandi en fyrirtækið býður upp á fjöldann allan af ferskum, íslenskum mjólkurvörum fyrir stórelldhúsið og fást þær í mismunandi eininga- og umbúða-stærðum sem henta eldhúsum af öllum stærðum og gerðum.

MS er með frábæran hóp sölufulltrúa sem sérhæfir sig í þjónustu við veitingahús, mótuneyti, hótél og önnur stórelldhús um land allt. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á vöruþróun og kynnir fyrirtækið um 20-30 nýjungar árlega, bæði fyrir

almenna neytendur sem og stórnotendur. Á nýrri vefsíðu okkar ms.is er yfirlit yfir allar vörur sem og vörumerkjasiður sem áhugasamir geta kynnt sér frekar. Við bjóðum upp á sérstakan þjónustuvef fyrir viðskiptavinum, panta.ms.is, en þar geta viðskiptavinir meðal annars pantað vörur, fengið upplýsingar um dreifleiðir, skoðað pantanir í vinnslu, sem og sölugreiningu og komið ábendingum á framfæri svo eitthvað sé nefnt. Vefurinn er einfaldur og sérstaklega þægilegur í notkun og er bæði hægt að fá upplýsingar um vefinn í gegnum síma og eins með sýnikennslu þar sem sölumaður MS kemur í heimsókn til viðskiptavina og fer yfir einfalt ferlið. /HA



Berglind Bjarnadóttir að störfum á RM.

Úrefni í mjólk

Tanksýnin sem tekin eru í hverri losun, og mæld a.m.k. einu sinni í viku, gefa góðar og mikilvægar upplýsingar um fóðrun kúnna og hvort breyta mætti til og gera betur í þeim efnum.

Gott er að skoða niðurstöður sýnanna yfir ákveðið tímabil og fylgjast með mögulegum breytingum. Það er gott að fylgjast sérstaklega með fríum fitusýrum, fitu, próteini og úrefni. En í þessum pistli ætlum við aðallega að skoða úrefni í mjólk.

Úrefni er ekki meðal þeirra efna mjólkur sem hafa áhrif á hvað bændur fá greitt fyrir mjólkina, heldur er úrefnamæling gott tæki fyrir bústjórnina og gefur ykkur góðar vísbendingar um orku- og próteinfóðrun kúnna.

Úrefni er í grunninn köfnunarefni (Nitrogen, N) sem er eitt af aðal byggingarefnum próteina. Niðurstöður úrefnis í mjólk gefa til kynna magn köfnunarefnis sem örverur vambarinnar hafa ekki náð að nýta af því köfnunarefni sem losnað hefur í vömbinni.

Við viljum helst sjá úrefni liggja á milli 3 og 6 mMol/l. Ef úrefnisinnihaldið fer yfir 6 mMol/l er það vísbending um að offóðrun á próteini eigi sér stað. Gott er þó að skoða aðra þætti mjólkurinnar í samhengi. Tökum nokkur dæmi:

a. Ef fríar fitusýrur eru á góðu róli, þ.e. vel undir 0,9 mMol/l og próteinhlutfall mjólkurinnar er gott, þá er of hátt úrefni vísbending um að fódrið sé með næga orku, en að offóðrun sé á próteini. Auðvelt ætti

að vera að laga það með því að skipta yfir í kjarnfóðurlöndu með minna innihaldi hrápróteins.

b. Ef úrefnið í mjólkinni er of hátt og próteinhlutfall mjólkurinnar er lágt, þá er það vísbending um að offóðrun á próteini sé vandamál, en jafnframt skortur á orku. Það vantar orku til að nýta fóðurpróteinið betur. Í slíkum tilvikum þarf að skoða hvernig samsetning og verkun gróffóðursins er. Framleiðsla própíonsýru í vömb er mikilvæg fyrir m.a. upptöku glúkósa í blóði, en glúkósi er mikilvægt hráefni fyrir framleiðslu mjólkurpróteina. Orka er lykillinn að góðri própíonsýruframleiðslu í vömbinni og hefur jákvæð keðjuverkandi áhrif á próteinframleiðslu. Því er mikið gróffóðurát algjört lykilatriði, en gróffóðurgæðin skipta auðvitað miklu máli. Gott er að hafa í huga að ef gróffóður er verkað blautt, þá er próteinið í fódriinu lausara og það eykur líkurnar á háu úrefnisinnihaldi.

c. Ef úrefnisinnihald mjólkurinnar er lágt og próteininnihald mjólkurinnar er hátt, þá er próteinskortur í fódri en næg orkufóðrun, jafnvel er gefin orka umfram þarfir. Í slíkum tilfellum þarf að bæta próteini í fódrið, til dæmis með því að gefa próteinríkara kjarnfóður.

d. Ef innihald bæði úrefnis og próteins í mjólkinni er lágt, þá er um að ræða vanfóðrun á bæði próteini og orku. Líklega sjá menn þar súrdoða eða

mikið átleysi. Ástæðan getur verið að heyverkun hafi ekki tekist sem skyldi og heyið ólustugt. Ef ekki eru til birgðir af betra verkuðu heyi, er gott að athuga hvort átið eykst með því að setja melassa út á heyið til að auka lystugleikann og þar með átið. En einnig þarf að huga að kjarnfóðurtegund og mögulega breyta til þar.


Rétt fóðrun getur líka tryggt góða frjósemi. Öll viljum við hafa góða frjósemi í hjörðinni, enda algjört undirstöðuatriði. Fóðrun sem leiðir til of lágs úrefnis og einnig fóðrun sem leiðir til of hás úrefnis hefur áhrif á frjósemi hjarðarinnar. Ef úrefni er lágt beiða kýrnar ekki. Ef úrefni er hátt, er hætt á því að kýrnar haldi ekki, þó þær sýni beiðsli.

Annað sem offóðrun á próteini, og þar með hátt úrefni, hefur áhrif á, er upptaka sumra steinefna eins og magnesíum, en magnesíum skiptir lykil máli þegar kemur að kalkupptöku eftir burð, og þar með heilsufar kúnna varðandi doða, almenn efnaskipti o.a.

Fóðrun sem leiðir til lágs úrefnis hefur mjög hamlandi áhrif á vambarstarfsemina, þar af leiðandi éta kýrnar minna og framleiðslan minnkar. Það er því mikilvægt að halda úrefninu á góðu róli, best er að gildin liggja milli 3 og 6 mMol/l eins og áður hefur komið fram.

*Elin Nolsöe Grethardsdóttir
Gæðaráðgjafi Auðhumlu svf*

Hækkun vísitölu neysluverðs (%) frá október 2021 - október 2022



Verðþróun matvöru á Íslandi og í Danmörku

Verðbólga hér á landi nemur nú 9,3%. Í mörgum nágrannalöndum okkur er hún hins vegar hærri t.d. 10% í Þýskalandi, 14,3% í Hollandi og 17,4% í Póllandi. Hátt orkuverð og matvælaþæð eru drifkraftur verðbólgu í þessum löndunum, sem hvoru tveggja má að verulegu leyti rekja til átakanna í Úkraínu.

Áhugavert er að bera saman þróun á matvöruverði hér á landi við það sem gerist í nágrannalöndunum. Hér á landi

nam hækkun á matvöruverði frá október 2021 til október 2022, 9,7% en í Danmörku 16,5%. Á sama tíma nam hækkun vísitölu neysluverðs 11,4% í Danmörku en 9,4% á Íslandi. Á sama tíma mældist hækkun á verði á kjöti 17,7% á Íslandi en 18% í Danmörku. Mjólk, ostar og egg hækkðu um 12,1% hér á landi en 25,3% í Danmörku. Olíur og feitmeti (þ.m.t. smjör) hækkaði um 11,1% á Íslandi en 37,8% í Danmörku. /EB

Óskajógúrt – uppfærðar umbúðir



Óskajógúrt er sannkölluð þjóðargersemi Íslendinga enda hefur hún fylgt okkur um áratugaskeið. Jógúrtframleiðsla hefur lítið breyst síðan hún hófst fyrir 50 árum síðan og líkt og þá er eingöngu notuð hágæða íslenska mjólk í jógúrtina.

Í tilefni þess að hálf öld er liðin frá því að Óskajógúrt kom á markað var ákveðið að uppfæra umbúðirnar án þess þó að hverfa

of langt frá uppruninum. „Það sem einkennir nýjar umbúðir eru fallegir litir, stílhrein hönnun og skýr skilaboð til neytenda. Við viljum halda tryggð við einkennisliti hvernar bragðtegundar svo enginn týni sinni eftirlætis Óskajógúrt á sama tíma og við leyfum ferskum blæ að leika um dósirnar,“ segir Halldóra Arnardóttir, markaðsstjóri ferskvara hjá MS. /HA

fólkid og mjólkinn

á landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll



Harpa Hrönn Gunnarsdóttir sölufulltrúi, Renuka Chareyre og Guðbjörg Alda Gunnarsdóttir vörukynnar voru ánægðar með heimsóknarfjölda og viðbrögð gesta.



Ragnheiður Njálisdóttir vörukynnir kynnti Léttmál hluta úr degi og voru gestir samröma um afar vel heppnaða og bragðgóða vöru.



Bjarki Long sölufulltrúi kveikti reglulega í rommi og hellti yfir Gráðaost sem gefið var smakk af. Skemmtileg útfærsla á framreiðslu og notkun Gráðaosts sem sló í gegn hjá ostauðnum.



Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir markaðs- og vöruflökkastjóri birgðavara kynnti nýja tímabundna útgáfu af KEA skyrri með banana- og súkkulaðibragði.



Vinsældir MS voru miklar á sýningunni og var röð við sýningarsvæðið frá opnun til lokunar. Hér má sjá gesti kynna sér Goðdali og nýjungar frá Ostakjallaranum.